



Borgarráð

***Ylströndin Nauthólsvík. Endurbætur á þjónustuhúsi.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við endurbætur á þjónustuhúsi Ylstrandarinnar í Nauthólsvík.

Kostnaðaráætlun er 45 m.kr.

Áætlaður framkvæmdatími er apríl – október 2024.

Greinargerð:

Framkvæmdir fela í sér bætt aðgengi og aðstöðu fyrir fólk með fötlun. Gerður verður í þjónustuhúsinu nýr sérklefi og bætt aðgengi á útsýnisvalir. Þá verður lýsing á þaki og útisvæði endurbætt.

Endurbætur hafa verið kynntar í aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks.

Kostnaðarstaður: 1105

Kostnaðaráætlun 2: 45 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa framkvæmda og viðhalds*

Hjálagt:  
Kynning

<https://nautholsvik.is/>

[https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/nautholsvik - kynning. adgengis-og\\_samradsnefnd febr. 2022.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/nautholsvik_-_kynning._adgengis-og_samradsnefnd_febr._2022.pdf)



# Ylströndin Nausthólsvík

## Endurbætur á þjónustuhúsi



# Lýsing á framkvæmd

Framkvæmdin felur m.a. í sér að bæta aðstöðu og þjónustu við fólk með fjölbreytta færni. Gerður verður í þjónustuhúsinu nýr sérklefi með búnaði fyrir fólk með fötlun og plássí fyrir tvo einstaklinga.

Einnig verður gert við þak og lýsing bætt, bæði á þaki og á laugarsvæði.

Hurðarflekum verður skipt út fyrir rennihurðir.

Helstu verkþættir:

- Nýr sérklefi með aðstöðu og búnaði fyrir fólk með fötlun. Klefinn verður með tveimur sturtum, salerni og vask.
- Viðgerð á þaki. Fjarlægja þarf að hluta af torfi, hellum og einangrun. Endurnýja þarf þakdúk, einangra aftur og ganga frá yfirborði.
- Bætt veður aðgengi að þaki með nýju þrepi og handlista.
- Lýsing á þaki og laugarsvæði endurbætt.
- Hurðarflekar verða fjarlægðir og settar nýjar rennihurðir á sama hátt og við inngangshurðina sem þegar hefur verið endurnýjuð. Ein rennihurðin verður með gönguhurð sem flóttaleið.
- Timburklæðning á útitröppum verður endurnýjuð ásamt geymsluhurð sem á henni er.



# Kostnaður og verktími


Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 45 m.kr.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir apríl og áætlað að þeim ljúki í október 2024.





# Markmið og stefna



Framkvæmdin styður við aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar.



Reykjavík